Samfélagsleg ábyrgð
í sjávarútvegi
2.–3. NÓVEMBER Í HÖRPU

# Hvað má og hvað má ekki nota í umbúðum í sjávarútvegi

Grímur Ólafsson

Matvælastofnun

Arion banki BRIM HAMPIÐJAN HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY ICELANDAIR CARGO ISI ICELAND SEAFOOD iTUB marel Pipar\TBWA TM

SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN 2023

# Hvað eru matvælasnertiefni?

- Matvæli komast í snertingu við margskonar efni og hluti við framleiðslu, vinnslu, geymslu, matreiðslu  og framreiðslu, áður en þeirra er að lokum neitt.
- Þetta eru t.d. matvælaumbúðir og ílát, vinnslutæki, eldhúsbúnaður og borðbúnaður.
- Þessi efni kallast einu nafni matvælasnertiefni (Food Contact Materials).






abt-mjólk




Food
processing








OLIO
EXTRA
VERGINE
DI
OLIVA
OLEARIA
DEL


LAKTÓSA
FRÍ
SÚRMJÓLK
létt
1000 g



# Eftirlit – hver gerir hvað?

- Heilbrigðiseftirlit hafa opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu umbúða
- Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit hafa eftirlit með notkun umbúða hjá þeim matvælafyrirtækjum sem eru undir þeirra eftirliti
- Matvælastofnun fer með innflutningseftirlit
  - Vörur að mestu í frjálsu flæði
  - eftirlit við notkun, framleiðslu og dreifingu umbúða
  - Nema ef sérstakar reglur kveða á um sérstakt innflutningseftirlit

# Ábyrgð fyrirtækja

- Efnisþættir í umbúðum geta borist yfir í matvælin. Matvælafyrirtæki skulu gæta þess á öllum stigum að umbúðir spilli ekki matvælum, stofni heilbrigði manna ekki í  hættu eða rýri gæði matvæla
- Rekjanleiki umbúða þarf að vera tryggður

# Reglugerðir um snertiefni matvæla

- Reglugerð **ESB/1935/2004** um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli, **Grunnreglugerð**
- Reglugerðin er sett til þess að tryggja öryggi neytenda og jafnframt að tryggja frjálst flæði og samkeppni innan sameiginlega markaðarins
- Heimildir til að setja viðbótarráðstafanir fyrir tiltekin efni (t.d. fyrir plast)

# Almennar kröfur 3.gr EB/1935/2004

- Matvælasnertiefni mega ekki gefa frá sér efni þannig að það geti:
  - stofnað heilbrigði manna í hættu eða
  - haft í för með sér óviðunandi breytingu á samsetningu matvæla eða
  - spillt bragði eða lykt þeirra

- Gildir um **öll** snertiefni matvæla
  - Plast, málma, pappa, leir, lakk, prentlitur......

# Plastreglugerð

Reglugerðin gildir um:

- Efni og hluti eingöngu úr plasti
- Marglaga plast
- Plast í marglaga umbúðum þar sem önnur efni en plast mynda einhver laganna t.d. pappi eða ál
- Plast í þéttingum (í dósalokum o.þ.h. )

# Flæði efna úr plasti

- Plast er ekki efnafræðilega óvirkt, ólíkt t.d. gleri
- Restar af hráefnum, aukefnum, hjálparefnum og niðurbrotsefnum eru oft í plasti
- Þessi efni geta borist úr plasti yfir í matvæli
- Kallast flæði (migration)

# Samsetning plasts

- Jákvæður listi með efnum sem nota má til að framleiða plastefni:
  - Grunnefni
  - Aukefni
  - Hjálparefni við fjölliðuframleiðslu
- Má eingöngu nota efni af listanum
- Til að tryggja öryggi plastefna eru sett flæðimörk. Mörkin tilgreina hámarksmagn efna sem leyfilegt er að flæði yfir í matvæli, kallast sértæk flæðimörk

# Samræmisyfirlýsingar (DoC)

- DoC – Declaration of Compliance
- Fyrir þá flokka efna sem til eru sérreglur um, þ.m.t. **plastefni,** þarf að vera til s.k. Samræmisyfirlýsing
- Yfirlýsingin á að tryggja að viðkomandi efni uppfylli lagalegar kröfur
- Byggir á gögnum sem framleiðandi leggur fram

# Eftirlit í matvælafyrirtækjum

- Eru eingöngu notuð snertiefni sem eru ætluð til þess að snerta matvæli?
- Er notkun í samræmi við fyrirætlaða notkun?
- Er rekjanleiki tryggður?
- Eru til samræmisyfirlýsingar þar sem þess er krafist?
  - Veit matvælafyrirtækið hvað samræmisyfirlýsing er og hvað hún á að innihalda
  - Hefur matvælafyrirtækið lesið samræmisyfirlýsinguna

# Önnur matvælasnertiefni

Eiga að uppfylla kröfur í grunnreglugerð og vera hæf til að snerta matvæli.

- Málmar
- Pappír og pappi
- Tré
  - Ómeðhöndlað tré á helst ekki að vera í matvælavinnslum með óvörðum matvælum, s.s. vörubretti, skurðarbretti ofl.

# Samræmisyfirlýsing – önnur efni

- Þó ekki sé krafa um samræmisyfirlýsingu á önnur efni þarf framleiðandi að tryggja að varan sem hann framleiðir eða notar uppfylli löggjöfina
- Þarf alltaf að uppfylla ákvæði í grunnreglugerðinni
- Er hluturinn / efnið hæft til að snerta matvæli?
  - Framleiðandi þarf að hafa kannað það og geta sýnt fram á það.

*Takk fyrir*